

From: Ingibjörg Hinriksdóttir [<mailto:ingibjorg.hinriksdottir@samband.is>]
Sent: 20. ágúst 2015 08:54
To: Anna G. Björnsdóttir <anna.g.bjornsdottir@samband.is>
Subject: Landsfundur jafnréttisnefnda 8. og 9. október

Til allra sveitarfélaga

Fljótsdalshérað boðar til landsfundar jafnréttisnefnda sveitarfélaga þann 8. og 9. október nk.

Landsfundur jafnréttisnefnda er haldinn árlega og er kjörinn vettvangur fyrir fólk sem vinnur að jafnréttismálum innan sveitarfélaga til að koma saman og ræða málin, fræðast og fá góðar hugmyndir.

Landsfundurinn er opinn fulltrúum jafnréttisnefnda sveitarfélaga eða þeim nefndum sem hefur verið falið þeirra hlutverk. Einnig er annað sveitarstjórnarfolk velkomið og fulltrúar þeirra sveitarstjórna sem ekki hafa enn skipað jafnréttisnefndir ásamt því starfsfólki sem vinnur að jafnréttismálum.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga eða þær nefndir sem fara með hlutverk þeirra skulu, skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, leggja fram jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Landsfundurinn var góður undirbúningur fyrir þá vinnu.

Nánari upplýsingar veitir Bergljót Þrastardóttir í gegnum netfangið bergljot@jafnretti.is. Upplýsingar dagskrá fundarins verður að finna á vefnum www.jafnretti.is.



Ingibjörg Hinriksdóttir
tækni- og upplýsingafulltrúi
Beint innval: 515 4940
Netfang: ingibjorg.hinriksdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is
